

Sp.

12. Tillaga til þingsályktunar

[12. mál]

um könnun á samkeppnisaðstöðu íslenzks skipasmíðaiðnaðar við erlendan.

Flm.: Lárus Jónsson, Matthías Á. Mathiesen, Jón Árnason,
Ólafur G. Einarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera könnun á samkeppnisaðstöðu íslenzks skipasmíðaiðnaðar við erlendan, einkum í þeim löndum, sem nú eða í náinni framtíð smíða fiskiskip fyrir Íslendinga. Könnunin skal einkum taka til samanburðar á beinni og óbeinni fyrirgreiðslu viðkomandi ríkisstjórna til skipasmíðaiðnaðarins, samanburði á skattlagningu hans, mismunandi vinnulaunum, vinnutíma, svo og þeim þáttum, sem valda mestu um misjafnan beinan og óbeinan launakostnað skipasmíðastöðvanna í hinum ýmsu löndum, og enn fremur skal samanburðurinn ná til misjafnarar aðstöðu til innkaupa á vélum, tækjum og efni til smíðanna. Niðurstaða könnunarinnar verði til leiðbeiningar stefnu Alþingis og stjórnvalda um nauðsynlega fyrirgreiðslu við íslenzkan skipasmíðaiðnað.

Greinargerð.

Till. þessi var flutt á síðasta þingi, en var ekki útrædd. Fylgdi henni svo hjóðandi greinargerð:

Mikil þáttaskil eru nú fyrir sjáanleg í fiskveiðum Íslendinga. Um margra ára skeið réðu síldveiðar langmestu um stefnuna á sviði útgerðar, m. a. því, að ný fiskiskip voru til skamms tíma nær eingöngu ætluð til síldveiða. Síldarbræsturinn hafði það ásamt öðru í för með sér, að nú stefna íslenzkir útgerðaraðilar að því að stóruka þorskveiðiflota sinn. Ljóst er því, að skip af svonefndri skuttogaragerð verði ein meginuppistaðan í íslenzkum fiskiskipafloata eftir nokkur ár, ef svo fer fram sem horfir.

Þessar staðreyndir hljóta að hafa viðtæk áhrif á stefnu okkar Íslendinga í skipasmíðum. Hin mikla eftirspurn eftir skuttogurum hlýtur að öðru jöfnu að draga úr eftirspurn eftir bátum, en smíði þeirra hefur verið meginviðfangsefni íslenzkra skipasmíðastöðva að undanförunu. Einnig er á það að líta, að eigi skipasmíðaiðnaðurinn að hafa vaxtarmöguleika, fer ekki hjá því, að hann verði í auknum mæli að fá þau verkefni að smíða þá gerð skipa, sem höfuðáherzla er lögð á að afla frá hálfu íslenzkra útgerðarmanna og skiptir þá höfuðmáli, að sem viðtækust reynsla fáist sem fyrst af smíði þessara skipa innanlands.

Nú undanfarið hefur verið samið um smíði fjölmargra skuttogara erlendis fyrir útgerðaraðila víðs vegar um land, en einungis þriggja í innlendum skipasmíðastöðvum. Oft hefur, einkum í fjölmiðlum, verið látið í veðri vaka, að þetta stafi af því, að íslenzkar skipasmíðastöðvar séu ekki samkeppnishæfar við erlendir. Flutningsmenn þessarar tillögu telja þessa fullyrðingu algjörlega órökstudda og meira en hægna. Engin heildarathugun er til á samkeppnisaðstöðu íslenzka skipasmíðaiðnaðarins við erlendir skipasmíðastöðvar í þeim löndum, sem nú eru að smíða fiskiskip fyrir íslenzka útgerðaraðila. Á hinn bóginn er vitað, að skipasmíðaiðnaðurinn er sú iðngrein í veröldinni, sem ríkisstjórnir viðkomandi landa hafa einna mest afskipti af á einn eða annan hátt. Þá er óhætt að fullyrða, að þau kjör, sem verkafólk hefur á Spáni og í Póllandi, svo að dæmi séu tekin, eru ólíkt lakari en hér á Íslandi, sem auðvitað kemur niður á samkeppnisaðstöðu skipasmíðaiðnaðarins, þar sem sú samkeppni á sér stað án tollmúra á skráðu gengi viðkomandi gjaldmiðils.

Ljóst er, að þegar ráðizt er í eins mikil skipakaup og nú er gert, er nauðugur sá kostur að smíða verulegan hluta þeirra erlendis, þar sem afkastageta íslenzka skipasmíðaiðnaðarins er minni en svo, að hann geti afkastað því verkefni einu. Á hinn bóginn verður að gera þá kröfu til stjórnvalda, að þau afli sér sem gleggstra upplýsinga um samkeppnisaðstöðu íslenzka skipasmíðaiðnaðarins við þær erlendu stöðvar, sem smíða nú þessi skip fyrir Íslendinga, og geri jafnframt ráðstafanir til þess, að sú samkeppni leiði ekki til þess í framtíðinni, að veruleg atvinnustarfsemi flytjist burt úr landinu vegna ójafns aðbúnaðar og fyrirgreiðslu íslenzkra stjórnvalda við íslenzkan skipasmíðaiðnað miðað við það, sem gerist í aðalsamkeppnislöndunum.